

Yfirlýsing um faglegt samstarf

Samband íslenskra sveitarfélaga (kt. 550269-4739) og hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri (kt. 520687-1229), fyrir hönd kennaradeildar og miðstöðvar skólaþróunar, hafa ákveðið að eiga með sér faglegt samstarf.

1. gr.

Samband íslenskra sveitarfélaga og hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri hafa ákveðið að eiga með sér formlegt samstarf sem ætlað er að leiða til gagnkvæms ávinnings og skilnings á hagsmunum aðila.

2. gr.

Aðilar eru sammála um að koma á sameiginlegum vettvangi til faglegrar umræðu og skoðanaskipta um nám og kennslu barna og ungmenna og menntun kennaraefna. Á þeim vettvangi verði meðal annars rætt um inntak, áherslur, þróun og gæði skólastarfs og kennaranáms og starfsþróun kennara.

3. gr.

Skipulagðir verði tveir formlegir fundir á ári þar sem skólamálanefnd og/eða skólateymi sambandsins eftir atvikum fundar með fulltrúum kennaradeildar HA og miðstöðvar skólaþróunar um tiltekin, afmörkuð viðfangsefni. Dagskrá funda er ákvörðuð í samráði aðila með tveggja vikna fyrirvara að lágmarki. Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri boðar til haustfundar á Akureyri en skólamálafulltrúi sambandsins til vorfundar í Reykjavík. Óformlegt samstarf aðila fer fram þess á milli eftir því sem tilefni eru til.

4. gr.

Ekki er gert ráð fyrir því að útgjöld hljótist af samstarfi þessu önnur en ferðakostnaður. Komi til annarra útgjalda er gert ráð fyrir að um þau verði samið fyrirfram hverju sinni.

Akureyri, 16. desember 2015



Halldór Halldórsson, formaður
Sambands íslenskra sveitarfélaga



Sigrún Stefánsdóttir, forseti hug- og
félagsvísindasviðs Háskólans á Akureyri